

Hlutverk heimilis

Foreldrar/forráðamenn:

- byggja upp sjálfstraust barnsins, hrósi og hvetji barnið áfram.
- lesi áfram reglulega fyrir barn sitt, ræði innihald textans og útskýri torskilin orð.
- hlusti á barn sitt lesa a.m.k. 3 x í viku.
- fylgist með að heimanámi sé vel sinnt, frágangur vandaður og skilað á réttum tíma.
- verði í góðu sambandi við umsjónarkennara og skóla barnsins.
- ræði á jákvæðan hátt um skóla og nám barnsins.

Hlutverk skóla

Starfsfólk skóla:

- byggja upp sjálfstraust barnsins, hrósi og hvetji barnið áfram.
- hjálpi nemanda að finna lesefni við hæfi.
- láti nemanda lesa upphátt daglega.
- hjálpi nemanda að skipuleggja sig og að heimanám sé við hæfi.
- þjálfi nemanda í að vanda allan frágang.

Umsjónarkennari er í góðu sambandi við heimili og aðstoðar foreldra eftir þörfum.

Læsisstefna Laugalandsskóla

Markmið:

-að móta jákvæð viðhorf barna og unglinga til lesturs.

-að efla orðaforða og málskilning nemenda.

-að efla máltjáningu og frásagnarhæfni nemenda.

-að efla hljóðkerfisvitund og hlustun nemenda.

-að nemendur móti sér sjálfstæða skoðun og komi henni frá sér á skýran hátt.

-að allir nemendur geti lesið sér til gagns og skemmtunar.


-að nemendur kunni að leita sér upplýsinga og meta hvort þær eru áreiðanlegar.



Laugalandsskóli

Lestrarstefna

5.-6. bekkur



5. bekkur

	Markmið	Leiðir	Mat	Viðmið
Lestur	<p>Að nemandi lesi 200 aktkvæði á mínútu.</p> <p>Að nemandi geti greint aðalatriði í texta og lesið milli lína til að skilja innihald ólíkra texta-gerða.</p> <p>Að nemandi lesi með réttum áherslum og framburði eftir því sem greinamerki gefa til kynna.</p>	<p>Nemendur eru hvattir til lestrar í hljóði sér til ánægju.</p> <p>Nemendur lesa upphátt í skólanum á hverjum degi.</p> <p>Nemandi fær námsefni sem reynir á lesskilning.</p> <p>Nemandi fái tilsögn í framsagnarlestri og leikrænni tjáningu til að bæta lestrarfærni sína.</p>	<p>Hraðlestrarpróf ætluð 5. bekk</p> <p>sept. des, feb, maí</p> <p>Framsagnarpróf ætlað 5. bekk</p> <p>desember og maí.</p> <p>Lesskilningspróf</p> <p>desember og maí.</p>	<p>Voreinkunnir í lestri: undir 6,0 = þarf að bæta</p> <p>6,1-6,9 = sæmilegt</p> <p>7,0-7,8 = gott</p> <p>7,9-8,0 = Mjög gott.</p> <p>Góður eða meðalgóður árangur í lesskilningsprófi.</p>
Málskilningur	<p>Að nemandi kunni skil á setningargerð og réttum greinamerkjum við ritun.</p> <p>Að nemendur hafi gott vald á málinu og þekki helstu málfræðireglur sem gilda í íslensku, bæði talmáli og ritmáli.</p> <p>Að nemendur vandi stafagerð og frágang verkefna sinna.</p>	<p>Nemendur skrifa ritgerðir, ljóð og sögur og vinna með eigin texta á margvíslegan hátt og fá leiðbeiningar um hvernig greinamerki eru notuð til að leggja áherslu á ritað mál.</p> <p>Nemendur fá tækifæri til að æfa málnotkun og kynnast málsháttum og orðtökum til að gera mál sitt litríkara og fjölbreyttara.</p>	<p>Símat og leiðsögn kennara.</p> <p>Kannanir í málfræðireglum.</p> <p>Foreldrar séu upplýstir um árangur og fá námsgögn og ráð til þess að vinna með heima</p>	<p>Góður árangur í könnunum sem meta málfræðipekkingu.</p>

6. bekkur

	Markmið	Leiðir	Mat	Viðmið
Lestur	<p>Að nemandi lesi að minnsta kosti 200 aktkvæði á mínútu.</p> <p>Að nemandi geti greint aðalatriði í texta og lesið milli lína til að skilja innihald ólíkra texta-gerða.</p> <p>Að nemandi geti endursagt texta sem hann hefur lesið.</p> <p>Að nemandi lesi með réttum áherslum og framburði eftir því sem greinamerki gefa til kynna.</p>	<p>Nemendur eru hvattir til lestrar í hljóði sér til ánægju.</p> <p>Nemendur lesa upphátt í skólanum á hverjum degi.</p> <p>Nemendur fá náms efni sem reynir á lesskilning og eykur orðarorða. Nemendur vinni verkefni til að þjálfra hann.</p> <p>Nemendur fá tilsögn í framsagnarlestri og leikrænni tjáningu til að bæta lestrarfærni sína.</p>	<p>Hraðlestrarpróf ætluð 6. bekk</p> <p>sept. des, mars, maí</p> <p>Framsagnarpróf ætlað 6. bekk</p> <p>desember og maí.</p> <p>Lesskilningspróf</p> <p>desember og maí.</p> <p>Lesskimunarpróf</p> <p>lagt fyrir alla í 6. bekk af kennsluráðgjafa til að greina vanda ef hann er til staðar.</p>	<p>Voreinkunnir í lestri: undir 7,0 = þarf að bæta</p> <p>7,0-7,9 = gott</p> <p>8,0 og yfir = Mjög gott.</p> <p>Góður eða meðalgóður árangur í lesskilningsprófi.</p>
Málskilningur	<p>Að nemandi kunni skil á setningargerð og réttum greinamerkjum við ritun.</p> <p>Að nemendur hafi gott vald á málinu og þekki helstu málfræðireglur sem gilda í íslensku, bæði talmáli og ritmáli.</p> <p>Að nemendur vandi stafagerð og frágang verkefna sinna.</p>	<p>Nemendur skrifa ritgerðir, ljóð og sögur og vinna með eigin texta á margvíslegan hátt og fá leiðbeiningar um hvernig greinamerki eru notuð til að leggja áherslu á ritað mál.</p> <p>Nemendur fá tækifæri til að æfa málnotkun og kynnast máls háttum og orðtökum til að gera mál sitt litríkara og fjölbreyttara.</p>	<p>Símat og leiðsögn kennara.</p> <p>Kannanir í málfræðireglum.</p> <p>Foreldrar séu upplýstir um árangur og fá námsgögn og ráð til þess að vinna með heima</p>	<p>Góður árangur í könnunum sem meta málfræðipekkingu.</p>

Íhlutun

- Þegar nemandi nær ekki settum viðmiðum er gripið inn í eins fljótt og kostur er.
- Stuðningur og ráðgjöf sérkennara og sérfræðinga frá skólalþjónustu er nýttur eftir þörfum.